

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr.107/1992. **Atli Már Jósafatsson,
Jósafat Hinriksson og
Smári Jósafatsson**

gegn
Sundaborg hf.

Kærumál. Skuldabréf. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992 í bæjarþingsmálinu nr. 2186/1990. Kæruheimild er lögjöfnun frá c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og þeim leyft að gefa skýrslur fyrir dómi. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Eggerti Óskarssyni borgardómara. Úrskurðurinn er án forsendna, og hljóða úrskurðarorð hans svo:

„Beiðni um það, að stefndu komi fyrir dóm til skýrslugjafar, er synjað.“

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur, þar sem segir meðal annars:

„Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á skuldabréfi útgefnu 29. maí 1987 af stefnda Atla Jósafatssyni til stefnanda, upphaflega að fjárhæð kr. 455.574, tryggðu með sjálfskuldarábyrgð stefndu Jósafats og Smára. Skuldina skyldi greiða með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1988. Af skuldinni, eins og

hún var á hverjum tíma, skyldi greiða hæstu meðaltals auglýsta vexti sambærilegra lána skv. skráningu Seðlabanka Íslands hverju sinni, er reiknast skyldu frá útgáfudegi og borgast eftir á, á sama tíma og afborgun. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, grunnvísitölu 1364 stig, og sé höfuðstóll þess því breytilegur skv. ákvæðum laga nr. 13/1979 miðað við breytingu á vísitölunni. Skuldabréfið sé í vanskilum frá og með fjórða gjalddaga þess hinn 15. ágúst 1989 og sé því allt í gjalddaga fallið samkvæmt ákvæðum í bréfinu sjálfu.“

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig: Eftirstöðvar skuldabréfsins kr. 541.712,20, hækkun vísitölu frá 15. febrúar 1989 til 15. ágúst 1989 2317/2557 stig kr. 56.111,80, 8,1% samningsvextir frá 15. febrúar 1989 til 1. maí 1989, kr. 10.088,28, 7,9% samningsvextir frá 1. maí 1989 til 15. ágúst 1989, kr. 13.661,82 eða samtals kr. 621.574,10, sem er stefnufjárhæð málsins.

Stefnandi rekur málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Stefndu reisa kröfur sínar á þeim málsástæðum að stefndi Atli hafi í viðskiptum við stefnanda afhent 8 skuldabréf, sum með ábyrgð annarra stefndu eða annarra vina og venslamanna stefnda Atla. Inn á þessar skuldbindingar hafi stefndi Atli greitt verulegar fjárhæðir án þess þó að þessara innborgana sé getið á skuldabréfunum, heldur aðeins uppgefnar ætlaðar eftirstöðvar.

Af hálfu stefndu hefur verið lögð fram í málinu svofelld bókun: „Dómkröfur stefndu, bæði aðal- og varakröfur, eru enn fremur reistar á þeirri málsástæðu, að skuldabréfið, sem út er gefið 29. maí 1987, ber ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sem var 1662, heldur grunnvísitöluna 1364. Kann því hér um misritun vera að ræða. Útgáfa skuldabréfs þessa fer því í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979.“

Í þinghaldi í málinu hinn 29. janúar sl. var sett fram sú krafa af hálfu stefndu, að þeir kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar. Var því andmælt af hálfu stefnanda, og þurfti því að úrskurða þar um.

Lögmaður stefndu byggði kröfu sína að þessu leyti á því, að samkvæmt grunnreglum réttarfars eigi málsaðili rétt á því að koma fyrir dóm til skýrslugjafar, stefnandi hafi neitað að koma fyrir dóm, í málinu liggi fyrir kvittanir um innborganir, og stefndu, einkum Atli Már Jósafatsson, gætu veitt upplýsingar þar um, auk þess sem fram-

burður Atla gæti skýrt, hvers vegna röng vísitala sé skráð á skuldabréfið.

Lögmaður stefnanda byggði á því, að mál þetta væri rekið sem skuldabréfamál samkvæmt XVII. kafla eml. nr. 85/1936, og samkvæmt 208. gr. þ. 1. væru tæmandi talin þau efnisatriði, sem kæmust að í máli sem þessu. Ekkert þeirra væri haft uppi í máli þessu, og væri skýrslutaka því þýðingarlaus og mótmælt af þeim sökum.

Synjað var um skýrslutöku þessa með úrskurði í þinghaldi 29. janúar sl. Var sá úrskurður án forsendna.

Röksemdir dómara fyrir niðurstöðu sinni eru þessar:

„Mál þetta fullnægir réttarfarsskilyrðum um málsmeðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 3. tl. 207. gr. laganna.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið lagðar fram í málinu kvittanir um það, að greitt hafi verið af skuldabréfi þessu umfram það, sem sóknargögn bera með sér. Sú vörn hans kemst því ekki að í málinu, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Aðilaskýrslur eru því þarflausar og verða ekki heimilaðar gegn andmælum stefnanda, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.“

II.

Skilyrði eru til að reka mál þetta sem skuldabréfamál eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936. Höfuðtilgangur kaflans er að tryggja eigendum tiltekinna skjala greiða málsmeðferð. Að þessu miðar meðal annars 3. mgr. 208. gr.

Svo sem fram kemur í framangreindum forsendum héraðsdómara, reisir sóknaraðili varnir sínar í héraði einkum á því, að vísitala sú, er færð hafi verið á skuldabréfið, fari í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 og um misritun kunni að hafa verið að ræða.

Varnir þessar varða gildi verðtryggingarákvæða skuldabréfsins, og kemur 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 ekki í veg fyrir, að þær megji hafa uppi í málinu. Við úrlausn þessa álitaefnis reynir fyrst og fremst á túlkun lagaákvæða og auglýsinga Seðlabanka Íslands um grundvöll verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, sem í gildi voru á útgáfudegi skuldabréfsins. Er hér um málflutningsatriði að ræða og því ekki þröf skýrslugjafar. Það athugast, að krafa sóknaraðila um skýrslugjöf í máli þessu verður ekki reist á 3. mgr. 208. gr.

laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.
